

Ed.

881. Breytingartillaga

við frv. til laga um skrásetning skipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

Til þess að skip geti orðið skrásett á Íslandi og öðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða að minsta kosti $\frac{2}{3}$ hlutar þess að vera eign hjer búsettra manna, sem hafa haft heimilisfestu hjer 1 ár. Ef skipið er hlutafjelagseign, skulu stjórnarnefndarmennirnir allir vera búsettir og hafa haft heimilisfestu hjer 1 ár, og heimilisfang fjelagsins vera hjer.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp i skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu þó hafa rjett til að standa i skránni og nota íslenskan fána, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang samkvæmt þessari grein sje ekki fullnægt.